

Tölvubréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 7. janúar 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna tillögu um breytingu á deiliskipulagi Færslu Hringbrautar og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Veðurstofuhæðar.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Færslu Hringbrautar vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi að Skógarhlíð og tillögu á breytingu á deiliskipulagi Veðurstofuhæðar vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi að Bústaðavegi birtist í Fréttablaðinu í dag. Tillögurnar eru í kynningu frá 7. janúar 2019 til og með 18. febrúar 2020.

Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðum.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/faersla-hringbrautar-skogarhlid>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vedurstofuhaed-bustadavegur>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Færsla Hringbrautar, Skógarhlíð

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Færslu Hringbrautar vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi að Skógarhlíð. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Veðurstofuhæð, Bústaðavegur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. nóvember 2019 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. nóvember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Veðurstofuhæðar vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi að Bústaðavegi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **7. janúar 2020 til og með 18. febrúar 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 18. febrúar 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**